

## FUNDARGERÐ STJÓRNAR STRÆTÓ BS.

### 327. fundur

Föstudaginn 4. september 2020 var haldinn stjórnarfundur í stjórn Strætó bs. að Hálsabraut 2, Kópavogi og hófst hann kl. 11:00.

#### Mætt voru

Hjálmar Sveinsson (HS), Karen Halldórsdóttir (KH), Sigrún Edda Jónsdóttir (SEJ), Ásgeir Sveinsson (ÁS), Gunnar Valur Gíslason (GVG) og Helga Ingólfssdóttir (HI)

Fundinn sátu einnig Jóhannes S. Rúnarsson (JSR), framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð og Sigríður Harðardóttir sviðsstjóri gæða- og mannauðssviðs.

#### Dagskrá fundar:

1. Fjárhags- og starfsáætlun 2021-2025, forsendur og drög að áætlun.
2. Innra eftirlit hjá Strætó.
3. Leiðakerfismál.
  - a. Garðabær – þjónusta í Urriðaholti.
  - b. Grafarvogur – breyting skv. tillögu.
  - c. Áhættumat á nýju leiðaneti.
4. Greiðslukerfi – staðan.
5. Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk.
  - a. Heimild til að ganga til samninga.
  - b. Staðan í dómsmáli.
6. Kostnaðargreining rekstrar og fjárfestingargetu Strætó.
7. Önnur mál.

#### Tekið fyrir:

### 1. Fjárhags- og starfsáætlun 2021 – 2025, forsendur og drög að áætlun

Framkvæmdastjóri kynnti útkomuspá ársins 2020 og drög að forsendum fyrir fjárhags- og starfsáætlun 2021 – 2025. Mikil óvissa er um útkomu ársins 2020, en skv. nýjustu útkomuspá er gert ráð fyrir tapi upp á um 600 m.kr. á árinu. Í forsendum fjárhagsáætlunar er gert ráð fyrir að framlög sveitarfélaganna hækki í samræmi við þjóðhagsspá frá júní 2020.

Samkvæmt eigendastefnu Strætó skal eigendafundur ákvarða forsendur fjárhagsáætlunar byggðasamlagsins. Fyrirliggjandi forsendur og drög að fjárhags- og starfsáætlun 2021-2025 verða lagðar fyrir eigendafund Strætó bs. þann 7. september nk.

### 2. Innra eftirlit hjá Strætó

Framkvæmdastjóri kynnti hvernig framkvæmd innra eftirlits hjá Strætó er háttað.

### 3. Leiðakerfismál

Sólrún S. Skúladóttir, sérfræðingur í skipulagsdeild Strætó, kynnti fyrirhugaða þjónustu Strætó í Urriðaholtshverfi í Garðabæ eftir nýrri leið 22 sem hefst núna í september. Um er að ræða tilraunaverkefni í eitt ár þar sem ekið er eftir áætlun með minni tegund af vagni (18 manna) á annatíma á virkum dögum og notast er við pöntunarþjónustu að öðru leyti. Unnið verður að áframhaldandi þróun leiðarinnar í samræmi við uppbyggingu hverfisins þ.m.t. hugsanlega tengingu leiðarinnar við leið 23-Álftanes þegar fram líða stundir.

Einnig voru lagðar fram og kynntar hugmyndir að breytingum á leiðakerfi Strætó í Grafarvogi. Áfram verður unnið í að skoða breytingar í Grafarvogi og nánari tillögur lagðar fyrir stjórn þegar þær liggja fyrir.

Framkvæmdastjóri fór yfir áhættumatsgreiningu sem unnin var í tengslum við innleiðingu nýs leiðanets. Til skoðunar er að áhættugreining verði flokkuð eftir sveitarfélögum þar sem við á.

#### 4. Greiðslukerfi - staðan

Daði Áslaugarson, deildarstjóri upplýsingatækni hjá Strætó, kynnti stöðuna á nýju rafrænu greiðslukerfi. Fyrirséð er að tafir verði á gangsetningu greiðslukerfisins, en fjárfestingarkostnaður er innan fjárhagsramma verkefnisins.

#### 5. Akstursþjónusta fyrir fatlað fólk

- a) Framkvæmdastjóri Strætó óskaði eftir heimild til að ganga frá samningi við Hópbíla á grundvelli útboðs sem fram fór í mars 2020 og í samræmi við tilkynningu til Hópbíla dagsetta 21. júlí varðandi endanlegt samþykki tilboðs. Stjórn heimilaði framkvæmdastjóra að ganga frá samningi.
- b) Farið yfir stöðuna í dómsmáli vegna forgangsröðunnar í akstri á grundvelli rammasamnings um ferðaþjónustu fatlaðra og fatlaðra skólabarna. Fyrir fundinum lá tölvubréf frá lögmanni Strætó, dags. 31.08.2020, þar sem kynnt er tillaga lögmannsins að lúkningu málsins með greiðslu bóta til stefnenda. Stjórn samþykkir að veita lögmanni Strætó heimild til að ganga frá málinu í samræmi við fyrirbyggjandi tillögu hans.

#### 6. Kostnaðargreining rekstrar og fjárfestingargetu Strætó

Í framhaldi af umræðu á síðasta fundi kynnti Steinþór Pálsson frá KPMG niðurstöðu verkefnis um kostnaðargreiningu rekstrar og fjárfestingargetu Strætó sem unnið var fyrir stjórn.

Málið verður áfram til skoðunar hjá stjórn.

#### 7. Önnur mál

Fleira var ekki tekið fyrir á fundinum.

Fundi slitið kl. 13:10.

#### Fylgiskjöl:

- Innra eftirlit.
- Minnisblað um Urriðaholt.

\_\_\_\_\_  
Hjálmar Sveinsson

\_\_\_\_\_  
Gunnar Valur Gíslason

\_\_\_\_\_  
Sigrún Edda Jónsdóttir

\_\_\_\_\_  
Karen Halldórsdóttir

\_\_\_\_\_  
Helga Ingólfssdóttir

\_\_\_\_\_  
Ásgeir Sveinsson